

---

# Borgarholtsskóli

# Ársskýrsla 2014

---

Yfirlit yfir starfsemi skólans

---

Bryndís Sigurjónsdóttir

---



Borgarholtsskóli

Gott nám í góðum félagsskap

## Hlutverk og skipulag stofnunar

Borgarholtsskóli starfar samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla undir yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðherra.

**Hlutverk skólans** er bók- og verknámskennsla til stúdents- og lokaprófa. Í verknámi eru einkum bíl- og málmíðngreinar skv. áfanga-, lotu- og annakerfi. Borgarholtsskóli er kjarnaskóli í bílmiðngreinum. Auk þessa starfrækir skólinn listnámsbraut með margmiðlunarhönnun og fjölmiðlatækni sem kjörsvið, starfsnámsbrautir á sviði félagsþjónustu, framhaldsskólabraut fyrir þá sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar brautir og einnig fjögurra ára starfsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Í boði er nám fyrir nemendur sem stunda afreksípróttir og er kjörsvið þessara nema óskert en ípróttir og valeiningar notaðar til ípróttaiðkunar. Nemendur þessir útskrifast af bóknámsbrautum skólans auk afreksípróttasviðs með 152 einingar.

Fyrir utan dagskóla er starfrækt dreifnám fyrir þjónustubrautir, margmiðlunarhönnun, bíla- og málmíðngreinar. Það nám er fjarnám með staðbundnum lotum, mismiklum eftir eðli námsins. Þá annast kennarar skólans kennslu í Stóriðjuskólanum sem rekinn er af Álverinu í Straumsvík. Þjónustubrautir eru að stórum hluta kenndar í dreifnámi. Dreifnám hefur líka verið í boði á listnámsbraut, í fjórða þreps námi í margmiðlun. Fyrsti hópur hóf námið haust 2013 og lýkur því vor 2015. Flestir nemendur eru með háskólapróf en sækja sér sérhæfða menntun í margmiðlun. Auk þessa er boðið dreifnám í málm- og bílmiðngreinum. Þar er uppistaða nemendahópsins eldri nemar sem hafa farið gegnum raunfærnimat.

Fulltrúar skólans eiga setu í starfsgreinaráðum bílgreina, upplýsinga- og fjölmiðlagreina, heilbrigðis-, uppeldis- og tómstundagreina. Starfræktar eru ráðgjafanefndir skv. 30. gr. laga um framhaldsskóla, önnur að ósk Félags blikksmiðju-eigenda og hin er ráðgjafarnefnd í bílmiðngreinum. Stofnað var bílgreinaráð við skólann haustið 2013 sem er samstarfsvettvangur skólans og atvinnulífsins um þróun náms og kennslu í bílgreinum. Einnig er skólinn í samstarfi við fyrirtæki í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum sem og stofnanir og fyrirtæki á sviði félagsþjónustu.


Skipulag yfirstjórnar skólans er eftirfarandi: Skólameistari ber ábyrgð á starfsemi skólans og starfar skv. 3. gr. reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla. Hans staðgengill er aðstoðarskólameistari. Áfangastjórar í einu og hálfu stöðugildi hafa umsjón með áfangakerfi skólans. Auk yfirstjórnenda eru kennslustjórar, sem eru millistjórnendur, hluti af stjórnkerfi skólans. Þeir bera faglega ábyrgð á sínu sviði og eru tengiliðir skólameistara við einstakar námsbrautir eða flokka námsbrauta. Sex kennslustjórar eru yfir sex sviðum skólans. (Sjá: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/skipurit/>). Verkefnisstjóri dreifnáms og verkefnisstjóri námsþings (Moodle) voru ráðnir haustið 2013. Þá var þriðji verkefnastjórinn ráðinn yfir gæðamál skólans.

Í upphafi vorannar 2014 voru nemendur alls 1312, þar af 1097 í dagskóla og 215 í dreifnámi. Hér hefur orðið fækkun frá vori 2013 sem skýrist af því að dregið hefur úr verkefninu *Nám er vinnandi vegur* sem ríkisstjórnin stóð fyrir í upphafi árs 2011. Var þetta átak viðleitni til að lyfta menntunarstigi þjóðarinnar. Ennfremur tók skólinn þátt í verkefni fyrir atvinnuleitendur á vegum Vinnumálastofnunar. Við skólann störfuðu 103

kennarar, þar af skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafar, og 24 í öðrum störfum; alls 127 starfsmenn. Tveir kennarar voru í orlofi.

Á haustönn 2014 innrituðust 1208 nemendur í dagskóla og 245 í dreifnám, alls 1375 nemendur. Heldur dró úr nemendafjölda skólans vorið 2014 og er skýringin sú sama og að ofan er greint, þ.e. fækkað hefur nemendum í átaksverkefnunum.

Skipta má nemendum dagskóla gróflega í þrjá þriðjunga á eftirfarandi hátt:



Hefðbundnum bóknámsbrautum lýkur með stúdentsprófi en bíl- og málmíðnbrautum lýkur að afloknu skólanámi með sveinsprófi. Sá þriðjungur sem nefndur er aðrar námsbrautir hefur að geyma nemendur á framhaldsskólabraut, þjónustubrautum, sérnámsbraut og listnámi á sviði margmiðlunargreina. Frá stofnun skólans hefur ríkt tiltekið jafnvægi í þessari þrískiptingu skólans. Stefnan hefur verið sú að hver hluti fari ekki niður fyrir 30% eða upp fyrir 40% og sé þá tekið tillit til eðlilegra sveiflna í aðsókn.

## Nemendur

**Inntaka** – Skólinn sinni fræðsluskyldu með því að veita unglíngum undir 18 ára forgang við inntöku. Tekið var mið af skólasamningi og var skólinn fullskipaður og meira en það 2014. Við inntöku var horft til þess að gera nemendum sem gert höfðu hlé á námi kleift að ljúka því samkvæmt átaksverkefninu. Nám er vinnandi vegur sem lauk í árslok 2014.

**Annað móðurmál** – Nokkrir nemendur með annað móðurmál en íslensku voru við skólann og var sinnt af dyslexíuráðgjafa sem einnig sinnir stuðningskennslu. ISA áfangar og stuðningskennsla í stærðfræði er fyrir erlenda nemendur þegar þörf er.

**Líðan, forvarnir** – Samkvæmt viðhorfskönnun um líðan nemenda virðist miklum meirihluta þeirra líða vel í skólanum. Við skólann er starfrækt stuðningsteymi sem vakir yfir velferð og líðan nemenda. Ákveðin stefna er í eineltismálum en náms- og starfsráðgjafar halda utan um þau mál og haldin hafa verið námskeið á þeirra vegum fyrir félagslega einangraða nemendur. Foreldraráð var sett á laggirnar vorið 2009 í samræmi við lög um framhaldsskóla. Áhersla var á heilsuefningu í ýmsum áföngum, svo sem íþróttum, lífsleikni, næringarfræði o.fl. Í mótuneyti skólans er lögð áhersla á hollan mat og sælgæti er ekki selt í skólanum.

**Heilsueflandi skóli** - Skólinn er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi skóli* sem Landlæknisembættið stendur fyrir. Útgangspunktur þess verkefnis er aukin lífsgæði og bætt líðan nemenda og starfsmanna: 1. árið var áhersla á næringu, skólinn hlaut **silfur** í því verkefni, 2. árið á hreyfingu, skólinn hlaut **gull** í því verkefni, 3. árið þ.e. 2014 er með áherslu á andlega líðan og fékk skólinn einnig **gull** fyrir það og 4. árið er áherslan á almennan lífsstíl. Landlæknir ýtti átakinu úr vör 4. október 2011 hér í skólanum og er dagurinn 4. október sérstakur heilbrigðisdagur skólans þar sem lögð er áhersla á heilbrigða lífhætti. Á þeim degi föðmuðu nemendur skólann og lögðu áherslu á eitt af grunnildum skólans: náungakærleiknn. Þessi atburður vakti athygli og var um hann fjallað í fjölmiðlum.

**Brotthvarf** – Brotthvarf nemenda hefur heldur aukist undanfarnar annir. Á haustönn haustönn 2013 var það 6,4%, 7,4% haustið 2012 og haustið 2014 9,6%. Ákveðin markmið voru sett til að draga úr brottfalli sbr. skólasamning. Mætingastjóri heldur utan um mætingamál nemenda ásamt kennurum og umsjónarkennurum.

**Stuðningur** – Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa við skólann, einn dyslexíuráðgjafi, forvarna- / félagsmálateymi (þrír aðilar), áfangastjórar og mætingastjóri sem saman mynda stuðningsteymi skólans. Þessir aðilar ásamt skólameistara og aðstoðarskólameistara tóku viðtöl við nemendur í brottfallshættu á vorönn 2014.

## Nám

Borgarholtsskóli sinnir breiðum nemendahópi og heldur því úti fjölbreyttu námsframboði á mörgum námsbrautum. (sjá: <http://www.bhs.is/namid/brautir/>). Starfað var að undirbúningi framkvæmdar framhaldsskólalaganna frá 2008 og voru framhaldsskólabraut og þjónustubrautir tilraunakenndar í anda þeirra laga haustið 2014. Áfram mun námsframboð skólans vera fjölbreytt.

## Innleiðing nýrra námsbrauta

Ný stefnuskrá sem er lifandi plagg í anda framhaldsskólalaganna var samþykkt í janúar 2012 og námsbrautir uppfærðar í anda nýrra laga og í samræmi við nýja stefnuskrá skólans.

Unnið var áfram að innleiðingu námsbrautanna árið 2014. Í árslok 2014 var lokið vinnu í bílgreinum, framhaldsskólabraut, sérnámsbraut og þjónustubrautum. Uppfærsla námsbrauta í málmiðngreinum, listnámi og almennu bóknámssviði var langt komin í árslok 2014.

Á vorönn 2014 hélt einn verkefnastjóri utan um innleiðingarmálin í 25% stöðu ásamt skólameistara og aðstoðarskólameistara. Hafði það hlutfall lækkað töluvert vegna niðurskurðar og var staðan sú út árið 2014.

## Kennsla

Í Borgarholtsskóla er kappkostað að kennsla sé ávallt í hæsta gæðaflokki og stutt er við sí- og endurmenntun kennara til þróunar á kennsluháttum. Áætluðu fé var úthlutað á hin ýmsu svið skólans í þessu skyni. Skólinn veitir hverjum starfsmanni 60.000 kr. styrk á þriggja ára fresti úr sérstökum endurmenntunarsjóði. Leitast er við að hafa einungis **réttindafólk við kennslu**, þó var einn kennari við skólann í réttindanámi og

lauk því um áramót 2014-2015. Skólinn uppfyllir skilyrði laganna varðandi kennslu og sýnir fram á það með námsáætlunum, miðannarmati, lokamati og áfangakönnunum. Skólinn notar kennsluvef eða námsþing (Moodle) til að halda utan um nám nemenda. Kennslustjórar skila skýrslu í lok hvers starfsárs um starfsemi viðkomandi brauta. Liggja þær hjá skólameistara. Kennarar gerðu margar tilraunir með nýjungar í kennsluháttum.

### **Brautskráðir nemendur árið 2014**

Samtals voru brautskráðir frá skólanum **298 nemendur** á árinu. Haustið 2014 útskrifuðust 120 og vorið 2014 útskrifuðust 178 nemendur.

### **Erlent samstarf**

Skólinn tók þátt í umfangsmiklu erlendu samstarfi. Margir erlendir gestir heimsóttu skólann í tengslum við þessi samstarfsverkefni. Skólinn tók þátt í verkefnum sem styrkt eru af Leonardo og Comenius. Samstarfsaðilar voru frá ýmsum löndum, svo sem Finnlandi, Eistlandi, Hollandi, Spáni, Englandi, Ítalíu og Þýskalandi. Skólinn hlaut viðurkenningu sem fyrirmyndarverkefni fyrir samstarfsverkefni fimm landa í stærð fræði sem hann hafði forystu í og stóð yfir í þrjú ár. Skólinn var líka í samstarfi við Evrópumíðstöðina í sérkennslu fram til loka ársins 2014 sem tengiliður landsins við þá stofnun.

### **Innra mat**

Hvorki **viðhorfskönnun** né **áfangakannanir** voru lagðar fyrir **starfsmenn** vor 2014 eins og stóð til. Tvennt olli því: a) uppfæra þurfti allar kannanir vegna breytinga í skólakerfinu sem nú standa yfir og var ný þriggja áætlun mótuð; b) verkfall kennara setti strik í reikninginn. Á haustönn 2014 voru **áfangakannanir** uppfærðar og lagðar fyrir og voru kennarar kallaðir til viðtals hjá skólameisturum og fengu endurgjöf á könnunina. Haust 2014 voru **viðhorfskannanir nemenda** (eldri og yngri) einnig uppfærðar og lagðar fyrir.

Á þriggja ára tímabili er lagt mat á flesta áfanga og allir kennarar eru metnir af nemendum þeirra. Haustið 2014 voru 12 kennarar teknir út og þeir áfangar sem þeir kenndu. Eftir að niðurstöður úr matinu lágu fyrir fékk viðkomandi kennari þær í umslagi til yfirlestrar. Samræða skólameistara og viðkomandi kennara um niðurstöður matsins fór fram í ársbyrjun 2015. Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál kennarans og stjórnenda en ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur það til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara.

### **Viðhorfskönnun nemenda haustið 2014**

Miklum meirihluta yngri og eldri nemenda finnst andrúmsloft í skólanum einkennast af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu. Langflestir þeirra telja kennara vera almennt sanngjarna og jákvæða. Um þriðjungur bæði yngri og eldri nemenda telur misbrest á því að umsjónarkennari fylgist með námsferli þeirra og tæpur helmingur þeirra saknar þess að umsjónarkennari hafi frumkvæði að samskiptum við þá. 75% yngri nema og um helmingur eldri nema er ánægður með vinnuanda og frið í kennslustundum. Það sem skiptir eldri nema mestu máli er góður árangur í námi, samskipti við kennara og félagar og vinir. Yfirgnæfandi meirihluti yngri nema var ánægður með hvernig tekið var á móti þeim í upphafi skólagöngunnar.

## Stjórnun

Borgarholtsskóli er valddreifð stofnun. Valdi er dreift til kennslustjóra, fagstjóra, og ýmissar stoðþjónstu. Stjórnun skólans telst því fremur dreifstýrð en miðstýrð; skólameistari ber eigi að síður alltaf ábyrgð á rekstri skólans. Árangur starfsins er síðan metinn og starfsemin betrubætt í kjölfarið. Sjá skipurit Borgarholtsskóla: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/skipurit/>.

**Umbótastarf** – Starfandi er gæðaráð. Unnið hefur verið að gæðahandbók og er þar um að ræða metnaðarfullt verk og hefur verkefnastjóri haldið um starfið ásamt gæðaráði. Gerður var samningur við Focal tölvukerfi um að halda utan um rafræn skjöl gæðakerfisins og innra matsins.

**Umhverfisstefna** - Skólinn er handhafi Grænfánans sem er vottun þess að skólinn starfar samkvæmt umhverfisstefnu og virðir sjálfbæra þróun. Umhverfisstefna skólans er á heimasíðu hans.

**Starfsmannastefna** – Skólinn er með virka starfsmannastefnu sem birtist á heimasíðu hans. Farið er eftir ákveðnu ferli við móttöku nýrra starfsmanna og starfslok þeirra. Handbók starfsmanna er uppfærð árlega en þar koma fram helstu upplýsingar um starfsemi skólans. Eins og áður segir er árlega framkvæmd viðhorfskönnun meðal starfsmanna og við henni brugðist í viðleitni skólans til að stuðla að góðum starfsanda. Starfsmannasamtöl eru framkvæmd annað hvert ár og er framkvæmdin þannig að samtalið er milli starfsmanns og næsta yfirmanns eða yfirstjórnanda skólans. Starfsmannasamtöl voru framkvæmd síðast vorið 2013 og þeim fylgt eftir. Næst verða þau vorið 2015.

**Jafnréttisáætlun** er á heimasíðu skólans og starfar jafnréttisnefnd í samræmi við hana. Jafnréttisdagur er að jafnaði haldinn 8. mars hvert ár samkvæmt hefð.

## Samstarf við aðra

Skólinn var í tengslum við hagsmunasamtök málm- og bíliðnaðarmanna. Bílgreinaráð var stofnað í skólanum haustið 2013 og fundaði reglulega 2014. Skólinn var í samstarfi við grunnskóla hverfisins og hýsti kynningar framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu.

## Fjármál

Árið 2014 voru fjárheimildir til skólans að frádregnum tekjum kr. 1.031.386.587 en gjöldin voru kr.1.029.304.211 þannig að reksturinn var jákvæður um kr. 2.082.376. Jafnframt átti skólinn 32.526.079 kr. í uppsafnaðar fjárheimildir sem nú hafa aukist í kr. 34.608.455 og kemur það sér vel fyrir árið 2015. Skólinn greiddi 3.380.000 kr. í húsaleigu fyrir íþróttaaðstöðu sem ekki hafa komið bætur fyrir. Nýting starfskrafta hefur verið góð og hópastærðir heldur minnkað sem voru helst til stórar en í fjölbreyttum skóla eins og BHS verða líka alltaf einhverjir hópar of litlir og er skýringin sú að skólinn hefur ákveðnar skyldur gagnvart nemendum þannig að fagbóklegir áfangar í verknámi og efri áfangar í bóknámi verða oft of fámennir í rekstrarlegu tilliti.

## Lokaorð

Árið 2014 tók skólinn áfram þátt í átaksverkefnum ríkisstjórnarinnar í viðleitni þeirra til að hækka menntunarstig þjóðarinnar og draga út atvinnuleysi. Um er að ræða

verkefnin *Nám er vinnandi* vegur og *Nám fyrir atvinnuleitendur*. Mjög dró úr verkefninu vegna bættra atvinnumöguleika þessa hóps.

Borgarholtsskóli festir sig stöðugt í sessi sem nútímalegur, fjölbreyttur og framsækinn framhaldsskóli þar sem þróunarstarf og sköpunargleði ráða ríkjum. Stefnuskra skólans, sem samþykkt var í janúar 2012, er metnaðarfullt plagg í anda nýrra laga. Skólinn heldur á lofti grunngildum sínum: *jafnrétti, sköpun, sjálfsaga, framsækni og náungakærleik*. Unnið er með eitt grunngildi á önn og t.d. haustið 2014 var lögð áhersla á náungakærleika.

Borgarholtsskóli sinnir víðtæku hlutverki. Hann er t.d. kjarnaskóli bíliðngreina en jafnframt er hann hverfissskóli Grafarvogs. Hann nýtur trausts og virðingar í nærsamfélaginu. Hann tekur þátt í menningarlífi hverfisins, m.a. Grafarvogsdeginum, forvarnarstarfi hverfisins, er í samstarfi við kirkjuna, lögreglu og heilsugæslu. Hlutverk skólans er að sinna eins vel og kostur er menntaþörfum einstaklinga en um leið að vera virkur og uppbyggilegur aðili í mótun samfélagsins.

Í lokin er rétt að þakka góðan rekstur skólans samstilltum skilningi stjórnenda og starfsfólks.

Reykjavík, í febrúar 2015

---

*Bryndís Sigurjónsdóttir, skólameistari*